

Fundargerð

Árið 2022, fimmtudaginn 15. desember kl. 12:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólgötu 7.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir og Margrét Þórarinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aroni Gústavssyni, og Ragnari Ágústi Róbertssyni, sem ritaði fundargerð.

Stefán Vagn Stefánsson boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 28. nóvember 2022.

Fundargerð frá 28. nóvember var samþykkt án athugasemda.

2. Greiðslu og rekstraráætlun 2022

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu 4. greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2022. Áætlunin byggir á uppfærðum forsendum um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2022, endanlegum útsvarsstofni sveitarfélaganna á árinu 2021 og áætluðum útsvarsstofni sveitarfélaga árið 2022.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina.

3. Greiðslu og rekstraráætlun 2023

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu 2. greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2023. Gert er ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 998,5 ma.kr., áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2022 verði 2.113,6 ma.kr. og áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2023 verði 2.240,4 ma.kr. Gert er ráð fyrir því að tekjur sjóðsins aukist um tæpa 5 ma.kr. vegna hækkunar á hlutdeild í útsvarshlutfalli vegna málefna fatlaðs fólks.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina.

4. Beiðni um framlag vegna sérstakra verkefna

Bolungarvíkurkaupstaður

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. desember 2022, varðandi umsókn Bolungarvíkurkaupstaðar um framlag vegna sérstakra verkefna. Sveitarfélagið hefur orðið fyrir verulega íþyngjandi og ófyrirséðum útgjöldum vegna barnaverndarúræðis sem líklega mun kosta sveitarfélagið rúmlega 72 m.kr. á þessu ári. Fulltrúar Jöfnunarsjóðs og sveitarfélagsins hafa fundað nokkrum sinnum vegna málsins frá því á haustmánuðum þar sem ákveðið var að Ráðgjafar- og greiningarstöð myndi taka greiningar viðkomandi einstaklings til skoðunar. Niðurstaða þeirra greininga er að líklega verði þjónustubeginn metin SIS mati og því munu reiknast framlög vegna viðkomandi inn í almennum framlögum vegna fatlaðs fólks. Stefnt er að því að niðurstöður SIS matsins muni liggja fyrir í janúar og þá verði jafnframt stefnt að því að framlög með viðkomandi náist inn á árið 2022 en síðustu greiðslur ársins 2022 eiga sér stað 31. janúar 2023. Því er ekki nauðsynlegt að veita sveitarfélaginu framlag vegna sérstakra verkefna þar sem viðkomandi einstaklingur mun hljóta framlög vegna málefna fatlaðra.

Ráðgjafarnefnd telur forsendur erindis Bolungarvíkur brostnar þar sem líklega verður greitt almennt framlag vegna viðkomandi einstaklings á grundvelli væntanlegs SIS mats.

5. Framlög vegna fjárhagserfiðleika

Sveitarfélagið Vogar

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. desember 2022, um umsókn Sveitarfélagsins Voga um framlag vegna fjárhagserfiðleika.

Á síðasta fundi ráðgjafarnefndar var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu beiðni Sveitarfélagsins Voga, dags. 25. nóvember, um framlag vegna fjárhagserfiðleika. Nefndin ákvað að fresta afgreiðslu ákvörðun og bíða eftir áliti Eftirlitsnefndarinnar, málið var tekið fyrir á fundi Eftirlitsnefndar fyrir hádegi 15. desember.

Í umsögn EFS kemur fram að nefndin mæli ekki með því að Sveitarfélaginu Vogum sé veitt framlag vegna fjárhagserfiðleika, þar sem umsóknin uppfylli ekki málefnalegar kröfur nefndarinnar. Nefndin mun því ekki leggja til við ráðherra að samþykkja framlag til sveitarfélagsins vegna fjárhagserfiðleika.

6. Rannsóknarsetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum

Beiðni um aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. desember 2022, ásamt minnisblaði frá Háskólanum á Bifröst og drögum að samkomulagi varðandi umsókn innviðaráðuneytisins um framlag vegna Rannsóknarseturs í byggða- og sveitarstjórnarmálum á Bifröst.

Háskólinn á Bifröst, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Borgarbyggð hafa leitað til innviðaráðuneytisins varðandi stuðning við uppbyggingu rannsóknarseturs um byggða- og sveitarstjórnarmál.

Ráðuneytið hefur því óskað eftir að Jöfnunarsjóður greiði Háskólanum á Bifröst alls 18 m.kr. árin 2023-2025 sem framlag vegna Rannsóknarseturs í byggða- og sveitarstjórnarmálum á Bifröst, þar sem verkefnið geti haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélögin og leitt til hagræðingar í rekstri og þjónustu þeirra, skv. 12. gr. í reglugerð nr. 1088/2021 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja tillögu ráðuneytisins um framlag að fjárhæð 18 m.kr. vegna rannsóknarseturs í byggða- og sveitarstjórnarmálum.

7. Tekjujöfnunarframlög 2022

Endanleg framlög ársins 2022

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endanleg áætlun tekjujöfnunarframlaga ársins 2022. Áætlunin tekur mið af endanlegum forsendum um útsvarsstofn ársins 2021. Þá er einnig búið að taka tillit til hækkunar á framlagi vegna lækkunar fasteignaskattstekna. Heildarfjárhæð framlaganna er 1.400 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja endanlega áætlun tekjujöfnunarframlaga 2022 að fjárhæð 1.400 m.kr.

8. Útgjaldajöfnunarframlög 2022

Tillaga að hækkun framlaga 2022 og ný áætlun á grundvelli nýrrar tekjuskerðingar.

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. desember 2022, um tillögu að hækkun útgjaldajöfnunarframlaga á árinu 2022 um 600 m.kr. ásamt endanlegri áætlun um skiptingu framlaga á grundvelli nýrrar tekjuskerðingar.

Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði 11.833 m.kr. samkvæmt A-hluta og 767 m.kr. vegna B-hluta. Þar af er 750 m.kr. vegna skólaaksturs og 17 m.kr. vegna aksturþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli á árinu 2022. Samtals eru því útgjaldajöfnunarframlög 12.600 m.kr. á árinu 2022. Í nýrri áætlun er miðað við hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi miðað við forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2022 vegna tekjuskerðingar.

Helstu forsendur við áætlun framlaganna eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. jan. 2022.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. jan. 2022.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. jan. 2022.
- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs skólaárið 2021-2022.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1.janúar 2019, 2020, 2021 og 2022 vegna íbúa fækkunar- og íbúa fjölgunar framlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2022 vegna tekjuskerðingar.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja endanlega áætlun um úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga ársins 2022 að fjárhæð 12.600 m.kr.

Viðbótarframlög vegna skólaaksturs

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðsluáætlun um viðbótarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B-hluta 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Heildarfjárhæð framlaga vegna skólaaksturs úr dreifbýli er áætluð 750 m.kr. á árinu 2022. Til úthlutunar koma 575 m.kr. sem koma til greiðslu mánaðarlega með jöfnum greiðslum á grundvelli áætlanagerðar og 175 m.kr. koma til úthlutunar á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2022 umfram áður áætluð framlög.

Viðbótarframlög miða við kostnað við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2022 umfram áður áætluð framlög þar að lútandi. Skerðing framlaganna tekur mið af hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi sbr. forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2022. Umsóknir um

viðbótarframlag eftir skerðingu eru að fjárhæð 501.578.760 kr. sem eru aðlagðar að fjármagni til ráðstöfunar samtals 175 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja endanlega áætlun um viðbótarframlög vegna skólaaksturs á árinu 2022 að fjárhæð 175 m.kr.

Akstursþjónusta fatlaðra barna úr dreifbýli

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. desember 2022, varðandi áætlun um framlög vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli. Umsóknir bárust frá 14 sveitarfélögum þar sótt er um samtals 24 leiðir og árlegur kostnaður er 26,7 m.kr. samanlagður. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir heildarframlag fyrir árið 2022 verði 17 m.kr. og hámarksframlag per km verði 528 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillögu að framlagi vegna akstursþjónustu fatlaðra barna úr dreifbýli að fjárhæð 17 m.kr.

9. Framlög vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti 2022

Tillaga að hækkun framlaga 2022

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 9. desember 2022, um tillögu að hækkun framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskattstekjum árið 2022 ásamt áætlun um skiptingu framlaganna.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 23. maí 2022 tillögu að áætlun um úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á árinu 2022. Áætlunin var byggð á áætluðu fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 4.859 m.kr. Endurskoða þarf áætlunina á grundvelli breytinga á greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2022. Enduráætlun framlaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á árinu 2022 er að fjárhæð 5.900 m.kr. sem er hækkun um 1.041 m.kr. frá fyrri áætlun, sem er 21% hækkun.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja hækkun framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti 2022 um 1.041 m.kr.

10. Efling tónlistarfræðslu

7. gr.

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 12. desember 2022, um eflingu tónlistarnáms skv. 7 gr. 2022–2023. Framlag á hvern nemenda fyrir skólaárið 2022-2023 er 553.688 kr. og eru samþykktar umsóknir fyrir 22 nemendur sem er fjölgun um 5 nemendur frá fyrra skólaári. Heildarupphæð framlagsins er því 12.181.132 kr. sem greitt verður í jöfnum greiðslum á 12 mánuðum.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlun um framlög vegna eflingar tónlistarfræðslu að fjárhæð 12.181.132 kr.

11. Framlög vegna samþættingar í þjónustu við börn

Áætluð framlög ársins 2023

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns jöfnunarsjóðs, dags. 14. desember 2022, um framlög vegna samþættingar í þjónustu við börn ásamt áætluðum framlögum á árinu 2023 að fjárhæð 1.100 m.kr, ásamt drögum að reglugerð um framlög til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2023. Framlöggin eiga að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu barna.

Úthlutun framlaga er á grundvelli 4 breytna sem allar hafa jafnt vægi og byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands:

1. Fjöldi barna í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2022.
2. Fjöldi barna með stuðning í leik- og grunnskólum.
3. Fjöldi barna á lágtekjuheimilum.
4. Fjöldi barna af erlendum uppruna.

Framlöggin verða enduráætluð í byrjun árs 2023 þegar uppfærð gögn berast frá Hagstofu Íslands.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlun um áætluð framlög vegna samþættingar í þjónustu við börn að fjárhæð 1.100 m.kr.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

12. Tekjuáætlun vegna yfirfærslu grunnskóla 2022

Lög var fram til kynningar og umfjöllunar yfirlit um áætlaðar tekjur Jöfnunarsjóðs vegna hlutdeildar sjóðsins í útsvarstekjum vegna yfirfærslu grunnskóla á árinu 2022.

13. Málshöfðun á hendur íslenska ríkinu

Um yfirfærsluna og staða mála

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs upplýsti nefndina um stöðu mála er varða málshöfðun

Reykjavíkurborgar á hendur íslenska ríkinu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur skilað inn öllum gögnum til málsaðila sem óskað hefur verið eftir og hægt var að verða við.

YFIRFÆRSLA MÁLAFLOKKS FATLAÐS FÓLKS

14. Tekjuáætlun vegna málefna fatlaðs fólks 2022

Lögð var fram til kynningar og umfjöllunar yfirlit um áætlaðar tekjur Jöfnunarsjóðs vegna hlutdeildar sjóðsins í útsvarstekjum vegna málaflokks fatlaðs fólks á árinu 2022.

15. Regluverk Jöfnunarsjóðs vegna fatlaðs fólks

Breytingar

Haldið var áfram umfjöllun um minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. október 2022, sem var fyrst lagt fram fyrir nefndina 1. nóvember. Í minnisblaðinu koma fram tillögur að breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs, sem geti myndað hvata fyrir sveitarfélög til þess að senda einstaklinga í SIS-mat með því að greiða aðeins hluta af kostnaðarmati þeirra sem ekki hafa verið SIS metnir. Þá einnig að SIS mat barna verði kostnaðarmetið og þannig verði betur hægt að taka tillit til SIS- mats barna í kerfinu.

Fram kom sjónarmið frá fulltrúa Reykjavíkurborgar að sveitarfélag sem þjónustusveitandi geti ekki þvingað fatlaða einstaklinga í SIS mat. Einnig að sveitarfélög sem bera lögskylda ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk geti ekki dregið úr þjónustunni við þá einstaklinga sem hafa ekki farið í SIS mat skv. 3. gr. l.nr. 38/2018.

16. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Framlög í Fasteignasjóð á árinu 2022

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 14. desember 2022, varðandi framlög úr Jöfnunarsjóði í Fasteignasjóð á árinu 2022.

Samkvæmt d-lið 13. gr. b. laga um tekjustofna sveitarfélaga eru tekjur Fasteignasjóðs framlag af tekjum Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks.

Samkvæmt 13. gr. a. skal tekjum Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks varið til jöfnunar vegna þjónustu við fatlað fólk að frádregnum kostnaði vegna yfirfærslunnar.

Hvorki í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, í reglugerð um framlög í Jöfnunarsjóð vegna þjónustu við fatlað fólk né í reglugerð um Fasteignasjóð er fjallað um hvert framlag Jöfnunarsjóðs í Fasteignasjóðs skuli vera.

Vegna sterkra fjárhagslegrar stöðu Fasteignasjóðs er lagt til að framlag Jöfnunarsjóðs í Fasteignasjóð verði 0 kr. á árinu 2022.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillögu um að framlög Jöfnunarsjóðs í Fasteignasjóð verði 0 kr. árið 2022.

Framlög vegna aðgengismála

Akureyrarbær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Akureyrarbæjar, dags. 13. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt er um framlag vegna kaupa og uppsetningar á útleiktækjum fyrir fötluð börn við Síðuskóla, Giljaskóla og við dagvistun fatlaðra á Þórunnarstræti 99.

Áætlaður heildarkostnaður nemur 12.029.257 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 6.014.629 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 6.014.629 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Dalabyggð

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Dalabyggðar, dags. 20. apríl 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt er um framlag vegna uppbyggingar á steinsteypum rampi og tröppum með snjóbræðslukerfi ásamt bættri aðstöðu fyrir bílastæði. Framlag sem óskað er eftir nemur 1.230.000 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Umsóknin var fyrst tekin fyrir í maí árið 2022, en þá lá ekki fyrir hvort að þjónustuvæðið sem Dalabyggð tilheyrir hafi verið samþykkt umsókninni. Nú hafa þær upplýsingar borist að þjónustuvæðið er samþykkt umsókninni.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 1.230.000 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Reykhólahreppur

Tekin voru til umfjöllunar og afgreiðslu tvö erindi Reykhólahrepps, bæði dags. 13. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt er um framlag annars vegar vegna hellulagningar umhverfis Reykhólaskóla til að bæta aðgengi hreyfihamlaðra nemenda. Áætlaður kostnaður við þá framkvæmd er 467.094 kr. Hins vegar er sótt um framlag vegna stækkunar á hurðaropi og kaupa á nýrri hurð, þar sem nemendur í göngugrindum eða hjólastólum komust ekki leiða sinna í gegnum hurðina sem fyrir er. Áætlaður kostnaður við þá framkvæmd er 618.297 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 233.547 kr. annars vegar og 309.149 kr. hins vegar.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag samtals að fjárhæð 542.696 kr. vegna framkvæmdanna.

Strandabyggð

Tekin voru til umfjöllunar fimm erindi Strandabyggðar, dags. 9.- og 12. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt er um framlag vegna:

1. Uppsetningar á sérþarfaþaklefa í íþróttamiðstöðinni á Hólmavík sem hentar fötluðum einstaklingum. Í því felst að stækka klefann og færa hurð framur í rýmið, fjarlægja þarf sturtuklefa sem er staðsettur í rýminu. Brjóta þarf upp gólf og setja skáa og niðurfall, setja vatnspolið efni á vegg, setja upp niðurfellanlegan sturtustól, blöndunartæki, handlista á vegg til stuðnings og sturtuhengi. Áætlaður kostnaður er 2.195.690 kr.
2. Lyftu fyrir félagsmiðstöð Hólmavíkur. Félagsmiðstöðin er staðsett í kjallara félagsheimilisins. Áætlaður kostnaður er 2.412.675 kr.
3. Rampa við leikskólann á Hólmavík. Áætlaðir kostnaður er 735.940 kr.
4. Rafdrifinna hurðaopnara við grunnskóla, leikskóla og íþróttamiðstöð á Hólmavík. Á þessum stöðum eru þungar hurðar sem hefta aðgengi að byggingunum. Með því að setja upp rafdrifna hurðaopnara má bæta aðgengi til muna. Áætlaður kostnaður er 1.577.413 kr.
5. Kaupa og uppsetningar á sundlaugalyftu við sundlaug Hólmavíkur, svo bæta megi aðgengi að sundlauginni. Áætlaður kostnaður er 2.398.346 kr.

Samtals áætlaður kostnaður er því 9.320.064 kr.

Sótt er um framlögin á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 4.660.032 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag samtals að fjárhæð 4.660.032 kr. vegna framkvæmdanna.

Snæfellsbær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Snæfellsbæjar, dags. 1. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt er um framlag vegna kaupa og uppsetningar á sjálfvirkri rennihurð við inngang Grunnskólans á Hellissandi, sem og vegna rampagerðar við innganga skólans. Heildarkostnaður verkefnisins var 5.042.230 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 2.521.115 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 2.521.115 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Stykkishólmur og Helgafellssveit

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Stykkishólms og Helgafellssveitar, dags. 24. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt er um framlag vegna kaupa og uppsetningar á pallalyftu fyrir hjólastóla við íþróttamiðstöðina í Stykkishólmi. Áætlaður kostnaður verkefnisins er 3.794.960 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 1.897.480 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 1.897.480 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Framhald verkefnisins um átak í aðgengismálum

Lögð voru fram til kynningar drög að samkomulagi milli Öryrkjabandalags Íslands og innviðaráðuneytisins vegna fjármögnunar á verkefnisstjóra vegna úrbóta í aðgengismálum fatlaðs fólks árið 2023. Í samkomulaginu fellst að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði Öryrkjabandalagi

Íslands allt að 14.000.000 kr. árið 2023 vegna launakostnaðar og annars kostnaðar vegna verkefnisstjóra.

Nefndin tók drögin til umfjöllunar og líst vel á fyrirhugað framhald verkefnisins.

17. Viðbótarframlög vegna fatlaðs fólks 2022

Tillaga að úthlutun framlaga

Haldið var áfram umfjöllun frá fyrri fundi um tillögur starfsmanns Jöfnunarsjóðs að aðferðum við skiptingu viðbótarframlaga vegna fatlaðs fólks fyrir árið 2022. Fyrsta aðferðin fer þannig fram að framlaginu er skipt á grundvelli rekstrarniðurstöðu þjónustusvæðanna. Önnur aðferðin fer þannig fram að framlaginu er skipt á grundvelli almennra framlaga. Þá bauðst nefndarmönnum að skipta framlaginu hlutfallslega milli fyrstu og annarrar tillögu, t.d. var hægt að skipta framlaginu þannig að 70% af framlaginu sé skipt á grundvelli rekstrarniðurstöðu og 30% af framlaginu sé skipt á grundvelli almennra framlaga.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að veita viðbótaframlög vegna fatlaðs fólks á grundvelli rekstrarniðurstöðu þjónustusvæðanna að fjárhæð 700 m.kr. fyrir árið 2022.

18. Lengd viðvera framlög 2022

Tillaga að úthlutun framlaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns jöfnunarsjóðs, dags. 15. desember 2022, um lengd viðveru 2022 ásamt áætlun um skiptingu framlaga vegna lengdrar viðveru.

Kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.-10. bekk og framhaldsskólanemenda fellur undir heildarfjárhagsramma vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Greiðslurnar koma sem framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fjármagn til ráðstöfunar nemur samtals 195.000.000 kr. á árinu 2022 og er gert ráð fyrir að 152.100.000 kr. komi til úthlutunar vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda og 42.900.000 kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra framhaldsskólanemenda.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja áætlun um úthlutun framlaga vegna lengdrar viðveru fyrir árið 2022 að fjárhæð 195 m.kr.

19. Gæðaeftirlit

Kópavogsbær (höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkurborgar)

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Kópavogsbæjar fyrir hönd sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkurborgar, dags. 14. desember 2022, þar sem sótt er um framlag vegna innra eftirlits með framkvæmd þjónustunnar í málaflokki fatlaðs fólks. Kópavogsbær fer fram á, fyrir hönd umræddra sveitarfélaga að Jöfnunarsjóður greiði áfram launakostnað vegna eftirlits á árinu 2022 sem nemur heilu stöðugildi.

Erindið var lagt fram á fyrri fundi 28. nóvember sl. en nefndin óskaði þá eftir frekari upplýsingum um raunkostnað verkefnisins á árinu 2022. Þær upplýsingar hafa nú borist, og er raun kostnaður vegna þessa verkefnis 12,6 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta ákvörðun um erindi Kópavogsbæjar til nýrrar ráðgjafarnefndar sem tekur til starfa í byrjun árs 2023. Nefndin óskaði eftir því að starfsmenn afli frekari upplýsinga um hvaða ávinningi verkefnið hefur skilað.

20. Úttekt á rekstri vegna fatlaðs fólks

Kópavogsbær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Kópavogsbæjar, dags. 9. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi vegna rekstrarúttektar á málafloki fatlaðs fólks hjá sveitarfélaginu.

Gengið hefur verið frá ráðningu HLH ráðgjafar til að annast vinnuna og gert er ráð fyrir að kostnaður við framkvæmdina muni nema 10,9 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 10,9 m.kr. vegna verkefnisins.

21. Reglugerð um fatlað fólk

Reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk hefur hingað til verið sett á ársgrundvelli hvers árs. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs og lögfræðingur innviðaráðuneytisins hafa unnið saman að því að gera reglugerðina ótímabundna skv. drögum að nýrri reglugerð.

Ný reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk mun veita heimild til að beita framreikningi á grundvelli vísitöluútreiknings til stórra þjónustueininga sem fyrir yfirfærslu árið 2011 þjónuðu einstaklingum af öllu landinu.

Að lokinni umfjöllun óskaði nefndin eftir að fjallað yrði aftur um reglugerðina á fundi í lok desember.

22. Næsti fundur

Næsti fundur ráðgjafarnefndarinnar verður rafrænn 28. desember næst komandi kl. 17:00.

Ekki var meira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:34

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Daníel Jakobsson

Birgir Björn Sigurjónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

